

6.4 Leiðbeiningar um skráningu frávika og ábendinga - samræming

Frávik eru skráð ef um er að ræða skýr brot á ákvæðum starfsleyfis eða laga og reglugerða sem um starfsemina gilda. Um er að ræða frávik sem fylgt er sérstaklega eftir við eftirfylgni.

Ábending er skráð ef ekki er skýrt að um frávik sé að ræða en um er að ræða ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis.

Skráning frávika

Nýtt frávik – engin áætlun hefur borist eða frestur verið veittur.

Dæmi – X árið Y: Frávik frá gr. 3.4 í starfsleyfi. Vöktunarbúnaður er hvorki prófaður árlega né kvarðaður á a.m.k. þriggja ára fresti. Frávikið fer í eftirfylgni

Frávik frá fyrra ári enn til staðar – er í eftirfylgni en ekki búið að samþykkja úrbótafrest

Ekki skráð sem nýtt frávik en vísað til eldri eftirlitsskýrslu þar sem frávikið er skráð og getið um stöðu eftirfylgni í niðurstöðum eftirlits eða í umfangi eftirlits.

Frávik frá fyrra eftirliti enn til staðar – með samþykka úrbótaáætlun

Ekki skráð sem nýtt frávik en vísað til eldri eftirlitsskýrslu þar sem frávikið er skráð og getið um stöðu eftirfylgni í niðurstöðum eftirlits eða í umfangi eftirlits.

Frávik enn til staðar og ekki staðið við úrbótaáætlun

Ef ekki staðið við úrbótaáætlun – getið um stöðu eftirfylgni í niðurstöðum eftirlits eða í umfangi eftirlits. Eftirlitsmaður upplýsir sérfræðing í eftirfylgni um stöðu mála til að hægt sé senda nýtt eftirfylgnibréf.